



Fjarðabyggð
 B.t. Bæjarstjóra, Helgu Jónsdóttur
 Hafnargötu 2
 730 Reyðarfjörður

VEGAGERÐIN	
Norðurland eystra	
Mótt.	1 C FFB 2009
Skjalatýkill	1020
Málsnr.	2007030059

vnr: 9.702.033

5 febrúar, 2009

Varðandi: Norðfjarðarveg um Norðfjarðargöng.

Í umsögn Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu fyrir Norðfjarðarveg um Norðfjarðargöng er gerð eftirfarandi athugasemd.:

„Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við veglínu í Eskifirði: Á um 200 metra kafla milli stöðva 500-700 liggur vegurinn um leirur, en leirur eru vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort unnt sé að breyta legu vegarins þannig að ekki þurfi að leggja veginn um leirur í botni Eskifjarðar.“

Vegna þessarar athugasemdar við veglínu hefur Vegagerðin látið vinna afbrigði þar sem veglínan á milli stöðva 500 – 700 fer minna út á leirurnar. Á meðflylgjandi teikningu eru sýndir báðir kostir, sá sem lagður var fram í frummatsskýslunni með brotalínum og nýr valkostur með heilum línunum.

Nýr valkostur fer minna út á leirurnar, en skering upp í hlíðina milli stöðva 200 – 500 er meiri og hús sem stendur ofan vegar við stöð 400 lendir inn á vegsvæði og þarf að víkja.

Fyrir hönd Vegagerðarinnar er óskað eftir umsögn Fjarðabyggðar um ofangreinda valkosti.

Virðingarfyllst,

Viðar Jónsson

Verkfr.

Afrit:

Vegagerðin, Guðmundur Heiðreksson

Mannvit
Viðar Jónsson
Grensásvegi 1
108 Reykjavík





FJARÐABYGGÐ

27.02.2009

Varðar : Norðfjarðarveg um Norðfjarðargöng

Tekið hefur verið til umfjöllunar erindi yðar dagsett 05.02.2009
Sú hliðrun vegarins sem um ræðir er minni háttar og gefur ekki tilefni til breytinga á aðalskipulagi. Það er hins vegar ljóst að semja þarf um uppkaup á húsinu ofan vegarins og að því tilskyldu að vegagerðin hafi lokið því, er það Fjarðabyggð að meinalausu hvor kosturinn verður valinn.


Óttar Guðmundsson
Skipulagsfulltrúi



Erindi númer : 2009-02-09-181

1

• Afgreiðslustaðir

Hafnargata 2	Hafnarbraut 2
730 Reyðarfjórður	740 Neskaupstaður
Sími 470 9000	Sími 470 9000
Bréfasími 470 9001	Bréfasími 470 9001